

Ár 1999, fimmudaginn 16. desember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Margréti Guðmundsdóttur, Óttari Yngvasyni og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið:

Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. lögum nr. 120/1992

1. janúar n.k. munu laun flestra ríkisstarfsmanna hækka um 3% skv. kjarasamningum sem fjármálaráðuneytið gerði við starfsmenn sína árið 1997. Þeir aðilar sem Kjaradómur úrskurðar laun falla ekki undir þessa samninga.

Dómarar og aðrir embættismenn sem Kjaradómur úrskurðar laun eru starfsmenn ríkisins skv. lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum sérákvæðum. Við mat sitt á launum þessara aðila hefur Kjaradómur m.a. litið til þess sem gerist í launamálum annarra opinberra starfsmanna. Í dómi sínum frá 8. maí s.l. tók Kjaradómur þannig tillit til þess launaskriðs sem orðið hafði í kjölfar svokallaðra aðlögunarsamninga og gerði breytingar á launakjörum þessara aðila til samræmis við það sem samið hafði verið um í kjarasamningum, eftir því sem við átti.

Kjaradómur telur rétt að laun þessara aðila skuli hækka um áramót í samræmi við laun annarra opinberra starfsmanna, svo að launaþróun þeirra sem Kjaradómur ákvarðar laun sé í sem mestu samræmi við almenna launaþróun hjá opinberum starfsmönnum. Með því móti einu verður komist hjá því að taka ákvörðun um launabreytingar í stórum stökkum, sem oft hafa verið misskilin og hafa valdið óróa á vinnumarkaði.

Forseti Íslands, ráðherrar og þingmenn teljast ekki til starfsmanna ríkisins í skilningi laga nr. 70/1996. Þrátt fyrir það telur Kjaradómur rétt að láta þennan hóp fylgja dómurum og embættismönnum og hækka laun hans nú um áramótin af þeirri ástæðu sem rakin er í niðurlagi næstu málsgreinar hér að framan.

Því ákvarðast:

Mánaðarlaun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. 2. gr. l. 120/1992 skulu hækka 1. janúar 2000 um 3% frá síðustu ákvörðunum Kjaradóms um laun viðkomandi. Mánaðarlaun einstakra aðila verða þá, frá 1. janúar 2000, sem hér segir:


1. Forseti Íslands krónur 615.940
2. Forsætisráðherra krónur 601.520 og aðrir ráðherrar krónur 546.930, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi
3. Forseti Hæstaréttar krónur 435.690 en aðrir hæstaréttardómarar krónur 396.035
4. Ríkissaksóknari krónur 396.035

5. Ríkissáttasemjari krónur 378.731
6. Ríkisendurskoðandi krónur 378.731
7. Biskup Íslands krónur 330.630
8. Dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 363.178 en aðrir dómstjórar
krónur 328.261
9. Héraðsdómarar krónur 316.725
10. Umboðsmaður barna krónur 315.180
11. Þingfararkaup alþingismanna krónur 303.850


Eldri ákvarðanir Kjaradóms um yfirlínu og önnur réttindi skulu óbreyttar standa.




Garðar Garðarsson
formaður




Jón Sveinsson



Margrét Guðmundsdóttir



Óttar Yngvason



Þórsteinn Júliusson